



FUNDARGERÐ

Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs 2019

Haldinn miðvikudaginn 30. október 2019 kl. 13:30

í Hótel Bláfelli á Breiðdalsvík

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar 2018 lagðir fram
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
5. Gjaldskrá HAUST
6. Umræður um gjaldskrá og fjárhagsáætlun
7. Kjörinn löggiltur endurskoðandi
8. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara
9. Önnur mál

Fundarmenn:

Nafn	Sveitarfélag	
Jón Björn Hákonarson	Fjarðabyggð	Formaður heilbrigðisnefndar
Karl Óttar Pétursson	Fjarðabyggð	Bæjarstjóri
Davíð Þór Sigurðarson	Fljótsdalshérað	Varaformaður heilbrigðisnefndar
Rúnar Gunnarsson	Seyðisfjarðarkaupstaður	
Kristján Ingimarsson	Djúpavogshreppur	
Auður Anna Ingólfssdóttir		Fulltrúi atvinnurekenda
Kristín Ágústsdóttir		Fulltrúi náttúruverndarnefnda
Gunnhildur Imsland	Hornafjörður	
Leifur Þorkelsson		Framkvæmdastjóri HAUST
Lára Guðmundsdóttir		Staðgengill frkvstj. HAUST
Helga Hreinsdóttir		Heilbrigðisfulltrúi
Hákon Hansson		Heilbrigðisfulltrúi

Jón Björn Hákonarson formaður heilbrigðisnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jón Björn fól Karli Óttari Péturssyni, bæjarstjóra í Fjarðabyggð, fundarstjórn og Láru Guðmundsdóttur fundarritun og bað þessa aðila að taka til starfa.

Tafla yfir fjölda atkvæða og nöfn fulltrúa sveitarfélaga á aðalfundi HAUST 2018:

Sveitarfélag	Atkvæði	Fulltrúi
Fjarðabyggð	15	Karl Óttar Pétursson
Fljótsdalshérað	11	Davíð Þór Sigurðarson
Hornafjörður	8	Gunnhildur Imsland
Vopnafjarðarhreppur	3	
Seyðisfjarðarkaupstaður	3	Rúnar Gunnarsson
Djúpavogshreppur	2	Kristján Ingimarsson
Borgarfjarðarhreppur	1	
Fljótsdalshreppur	1	Karl Óttar Pétursson skv. umboði

1. Skýrsla stjórnar

Jón Björn Hákonarson, formaður heilbrigðisnefndar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan fylgir fundargerðinni.

2. Ársreikningar 2018 lagðir fram

Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri, kynnti ársreikningana. Reikningarnir voru endurskoðaðir af KPMG og áritaðir af skoðunarmönnum. Reikningarnir voru lagðir fyrir heilbrigðisnefnd á fundi 15.10.2019 og þá afgreiddir til aðalfundar.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2018 eru sem hér segir:

	Niðurstaða ársreiknings 2018	áætlun 2018
Tekjur	89.408.340	87.438.643
Gjöld	84.896.870	83.170.000
Niðurstaða	4.511.470	4.268.643

Niðurstaða ársins var í samræmi við áætlun

3. Umræður um liði 1 og 2

Til máls tóku Jón Björn Hákonarson og Karl Óttar Pétursson.

Ársreikningar fyrir árið 2019 voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár 2019

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár 2020.

Drögin voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar þann 15.10.2019.

5. Gjaldskrá HAUST

Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu heilbrigðisnefndar frá 152. fundi þann 15.10.2019. Tillagan gerir ráð fyrir ráð fyrir upphæðir í nýrri gjaldskrá verði eftirfarandi:

Gjaldskrá			
	2019	2020	Hækkun
Tímagjald	13.000	13.200	1,5%
Endurnýjuð starfsleyfi	17.000	19.000	11,8%
Ný starfsleyfi	22.500	25.000	11,1%
Vatnssýni	25.000	25.500	2,0%
Önnur sýni	15.400	20.000	29,9%

6. Umræður um fjárhagsáætlun 2019 og gjaldskrá

Tillögur að fjárhagsáætlun og upphæðum í nýrri gjaldskrá samþykktar samhljóða

7. Kjörinn löggiltur endurskoðandi

Lögð fram tillaga um að óska áfram þjónustu frá KPMG.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara

Lagt er til að skoðunarmenn reikninga verði Ólöf Ingunn Björnsdóttir, fjármálastjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Halldóra Óskarsdóttir sérfræðingur á fjármálasviði Fljótisdalshéraðs

Til vara Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti Fljótisdalshrepps og Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps.

Tillagan lögð fram og samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Jón Björn Hákonarson þakkaði Helgu Hreinsdóttur fyrir gott og farsælt samstarf á undanförunum árum og óskaði henni alls hins besta í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 14:40

Fundargerðina staðfesta:

Karl Óttar Pétursson
fundarstjóri

Leifur Þorkelsson
framkvæmdastjóri HAUST

Skýrsla stjórnar 2019

Heilbrigðisnefnd

Núverandi heilbrigðisnefnd tók formlega til starfa á síðasta aðalfundi HAUST sem haldin var á Egilsstöðum þann 24. október í fyrra. Frá þeim degi hefur nefndin haldið sjö fundi, þar af fimm símafundi en einnig hittist nefndin á fundi á Seyðisfirði í vor og aftur á Hornafirði nú í haust. Inn á fundi nefndarinnar rata reglulega málefni einstakra fyrirtækja sem gerst hafa brotleg við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir sem á þeim byggja. Í flestum tilfellum bregðast fyrirtæki við ábendingum nefndarinnar og gera nauðsynlegar úrbætur á starfsemi sinni. Því miður eru dæmi um að fyrirtæki sinni ekki kröfum um úrbætur og standi jafnvel ekki við eigin úrbótaáætlanir. Sem betur fer heyrir slíkt metnaðarleysi í umhverfismálum til undantekninga.

Starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn HAUST eru 6 í 4,6 stöðugildum, að auki hafa verið ráðnir starfsmenn í afleysingar.

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi þá sagði Helga Hreinsdóttir starfi sínu sem framkvæmdastjóri lausu frá og með 1. febrúar sl. Helga hefur verið í 80% starfi sem heilbrigðisfulltrú að undanfögnu. Helga, sem varð 67 ára fyrr í þessum mánuði hefur fyrir nokkru sagt starfi sínu lausu og mun láta af störfum í lok þessa mánaðar. Hákon Hansson sem hefur verið heilbrigðisfulltrúi í hlutastarfi með aðsetur hér á Breiðdalsvík er sömuleiðis kominn á eftirlaunaaldur og lætur af störfum um næst komandi áramót. Er báðum þessum lykilstarfsmönnum HAUST í gegnum tíðina þökkuð góð störf í þágu þess og óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Leifur Þorkelsson var ráðinn framkvæmdastjóri í stað Helgu en hann hefur unnið hjá HAUST síðan 2004 og verið staðgengill framkvæmdastjóra frá árinu 2009. Jafnframt var gengið frá ráðningu Láru Guðmundsdóttur í stöðu staðgengils framkvæmdastjóra frá og með 1. febrúar sl.

Fjárhagur

Í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var í tíð síðustu heilbrigðisnefndar hefur byggðasamlagið verið rekið hallalaust sl.ár. Undanfarin tvö ár hefur verið hefur verið nokkur rekstrarafgangur og þar af leiðandi unnt að endurnýja bifreiðar embættisins og mæta óvæntum útgjöldum án lántöku eða með því að leita á náðir aðildarsveitarfélaga

Starfsumhverfi

Tvö mál sem varða starfsemi HAUST eru nú til umfjöllunar í samráðgátt stjórnvalda. Annars vegar frumvarp um breytingu á viðaukum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og hins vegar drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur.

Boðar breytingar á viðaukum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eiga að taka gildi um mitt næsta ár. Nái þær fram að ganga í óbreyttri mynd leiðir það til þess að eftirlitsskylda með fjölmörgum fyrirtækjaflokkum fellur niður. Kostnaðar áhrif frumvarpsins á sveitarfélög og heilbrigðisnefndir þeirra eru ekki metin en í tilfelli Heilbrigðisnefndar Austurlands skerðist tekjur um allt 12% vegna minnkandi umsvifa með eftirlitsskyldri starfsemi.

Önnur heilbrigðiseftirlitssvæði og samband íslenskra sveitafélaga hafa gagnrýnt frumvarpið nokkuð harðlega, bæði efni þess og einnig vinnubrögð ráðuneytisins við gerð frumvarpsins. Á fundi Heilbrigðisnefndar fyrr í þessum mánuði var tekið undir þess gagnrýni.

Verði drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur að veruleika hefur það í för með flutning á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkisins. Þar sem atvinnurekstur sem hingað til hefur

starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga verður nú skráningarskyldur hjá ríkisstofnunni Umhverfisstofnun. Starfsemi verður eftir sem áður eftirlitskyld hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti og um sömu kröfur verða gerðar til hollustuhátta og mengunarvarna og hingað til. Heilbrigðisnefnd Austurlands hafnar allri tilfærslu á verkefnum og fjármunum frá sveitarfélögum.

Verði þessari þróun ekki snúið við þá liggur fyrir að starfsemi HAUST mun dragast saman í framtíðinni og þarf nefndin þá, og aðildarsveitarfélög þess, að skoða vel hvernig starfseminni verði háttað í ljósi þess á komandi ári.

Að lokum er að venju vakin athygli á þeirri skoðun Heilbrigðisnefndar Austurlands að Heilbrigðiseftirlit Austurlands er vel stakk búið til að taka að sér frekari verkefni fyrir hönd ríkisstofnana. Enda er það allra hagur, ekki síst umhverfisins að verkefnum á borð við þau sem um ræðir sé sinnt úr nærumhverfinu. Hefur þeirri skoðun verið komið margoft á framfæri við stjórnvöld og þingmenn kjördæmisins í formi ályktana af vettvangi SSA, sem og sveitarfélaganna hvert fyrir sig, og í athugasemdum við frumvörp og fl. Það vekur mikil vonbrigði hversu litlu þetta hefur skilað og vekur upp spurningar um hvað standi á bak við yfirlýsingar ríkisvaldsins um störf án staðsetningar og markmið Byggðaáætlunar þar um þegar ekki er nýtt sér starfsemi sem fyrir er líkt og heilbrigðiseftirlitið á landsvæðum. Frekar virðist vera vilji til að þenja út miðlægar eftirlitsstofnanir sem deila má um hversu vel í stakk búnar eru til að sinna eftirliti um land allt.